Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar

1. janúar til 31. mars 2025

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	Blaðsíða
Helstu niðurstöður	1
Skýrsla bankaráðs og bankastjóra	2 - 4
Könnunaráritun óháðs endurskoðanda	5
Rekstrarreikningur samstæðunnar 1. janúar til 31. mars 2025	6
Heildarafkoma samstæðunnar 1. janúar til 31. mars 2025	6
Efnahagsreikningur samstæðunnar 31. mars 2025	7
Eiginfjáryfirlit samstæðunnar 1. janúar til 31. mars 2025	8
Sjóðstreymisyfirlit samstæðunnar 1. janúar til 31. mars 2025	9 - 10
Skýringar við árshlutareikning	11 - 65

Helstu niðurstöður

Lánshæfismat

uppfært 28. apríl 2025

A-

með stöðugum horfum

S&P Global Ratings

Heimsmarkmiðin

5 JAFNRÉTTI KYNJANNA

8 GÓÐ ATVINNA OG HAGVÖXTUR

13 AÐGERÐIR Í LOFTSLAGSMÁLUM

UFS-áhættumat

SUSTAINALYTICS

Sustainalytics metur áhættu Landsbankans vegna UFS-þátta sem lága.

Alhliða fjármálaþjónusta

TM | LANDSBRÉF

Auk almennrar bankastarfsemi veitir samstæðan sérhæfða þjónustu á sviði eigna- og sjóðastýringar og líf- og vátrygginga í gegnum dótturfélög.

Hagnaður

31.3.2025	31.3.2024
7.940 m.kr.	7.156 m.kr.

Arðsemi eigin fjár

31.3.2025	31.3.2024
10,0%	9,3%

Rekstrartekjur samtals

31.3.2025	31.3.2024
19.160 m.kr.	17.561 m.kr.

Kostnaðarhlutfall (K/T)

31.3.2025	31.3.2024
38,7%	33,6%

Heildareignir

31.3.2025	31.12.2024
2.257.092 m.kr.	2.181.759 m.kr.

Eiginfjárhlutfall alls

31.3.2025	31.12.2024
23,6%	24,3%

Útlán og kröfur á viðskiptavini

31.3.2025	31.12.2024
1.813.168 m.kr.	1.807.437 m.kr.

Heildarlausafjárþekja (LCR)

31.3.2025	31.12.2024
221%	164%

Skýrsla bankaráðs og bankastjóra

Bankaráð og bankastjóri Landsbankans hf. (hér eftir „Landsbankinn“ eða „bankinn“) leggja fram skýrslu þessa með könnuðum og samandregnum árshlutareikningi samstæðu Landsbankans hf. fyrir fyrstu þrjá mánuði ársins 2025 sem hefur að geyma reikningsskil bankans og dótturfélaga hans (hér eftir „samstæðan“).

Rekstur tímabilsins

Hagnaður samstæðunnar á fyrstu þremur mánuðum ársins 2025 nam 7.940 milljónum króna (3M 2024: 7.156 milljónir króna). Arðsemi eiginfjár var 10,0% (3M 2024: 9,3%), en bankinn hefur væntingar um að arðsemin á fjárhagsárinu verði um 10-12%. Hlutfall kostnaðar af tekjum var 38,7% (3M 2024: 33,6%) en annar rekstrarkostnaður hækkaði m.a. vegna gjaldfærslu á kostnaði tengdum kaupunum á TM tryggungum hf. (TM) á fjórðungnum. Án áhrifa rekstrarkostnaðar sem rekja má til kaupa á TM væri hlutfall kostnaðar af tekjum 36,6% á fjórðungnum. Hreinar vaxtatekjur á tímabilinu námu 14.800 milljónum króna. Aukning hreinna vaxtatekna nemur 2,9% á milli ára. Hreinar þjónustutekjur námu 3.004 milljónum króna og aukast um 9,8% á milli ára. Jákvæð afkoma af vátryggingarsamningum nam 270 milljónum króna. Hreinn hagnaður af fjáreignum og fjárskuldum á gangvirði nam 1.214 milljónum króna (3M 2024: 2.952 milljóna króna hreinn hagnaður) og er lækkun frá fyrra tímabili að mestu leyti rakin til lækkunar á gangvirði markaðsskuldabréfa. Hrein virðisrýrnun fjáreigna nam 331 milljón króna á tímabilinu (3M 2024: 2.714 milljóna króna virðisrýrnun). Laun og launatengd gjöld námu 4.465 milljónum króna og aukast um 5,5% á milli ára, einkum vegna samningsbundinna launahækkana. Meðalfjöldi ársverka á tímabilinu var 861 (3M 2024: 824), en fjölgun frá fyrra tímabili er vegna kaupa bankans á TM tryggingum hf. (TM).

Í lok fyrsta ársfjórðungs 2025 nam eigið fé samstæðunnar 313.698 milljónum króna. Eiginfjárhlutfall samstæðunnar samkvæmt ákvæðum laga um fjármálafyrirtæki var 23,6% í lok tímabilsins (í árslok 2024: 24,3%). Heildareignir námu 2.257 milljörðum króna og aukast um 3,5% frá upphafi árs. Útlánavöxtur var lítill, en útlán aukast um 0,3% á fyrstu þremur mánuðum ársins. Útlán til fyrirtækja aukast um 3,5 milljarða króna og útlán til einstaklinga um 2,2 milljarða króna. Heildarinnlán námu 1.244 milljörðum króna í lok fyrsta ársfjórðungs 2025 og jukust um 15,8 milljarða króna frá byrjun árs, eða um 1,3%. Bókfært virði lánsfjármögnunar á markaði jókst um 14,5 milljarða króna á sama árshluta.

Þann 11. febrúar 2025 lauk Landsbankinn við sölu verðbréfa sem telja til viðbótar eiginfjárþáttar 1 (e. Additional Tier 1 securities eða AT1), að andvirði 100 milljóna bandaríkjadala (jafnvirði um 13,2 milljarða króna). Um er að ræða fyrstu AT1 útgáfu Landsbankans og voru bréfin seld til fjárfesta á föstum 8,125% vöxtum. Verðbréfin eru víkjandi gagnvart öllum öðrum kröfum, að hlutafé undanskildu. Útgáfan er liður í fjármögnun kaupa bankans á TM, en hún leiðir jafnframt til aukinnar hagkvæmni og fjölbreytni í fjármagnsskipan bankans.

Lánshæfismat

Alþjóðlega lánshæfismatsfyrirtækið S&P Global Ratings tilkynnti þann 28. apríl 2025 að lánshæfismat Landsbankans til langs tíma hefði verið hækkað úr BBB+ í A- með stöðugar horfur. Lánshæfismatið hefur ekki verið hærra frá árinu 2014, þegar S&P hóf að veita bankanum lánshæfiseinkunnir. Í rökstuðningi vísar S&P til stöðu skulda bankans með aukinni tapgleypni (e. ALAC buffer) í kjölfar útgáfu víkjandi forgangsskuldabréfa þar sem bankinn sýndi fram á traust markaðsaðgengi.

Eigið fé og arðgreiðslur

Aðalfundur Landsbankans, sem haldinn var 19. mars 2025, samþykkti tillögu bankaráðs um að greiða arð til hluthafa vegna reikningsársins 2024 sem næmi 0,80 krónum á hlut og að arðgreiðslan yrði tvískipt. Arðgreiðslurnar nema hvor um sig 0,40 krónum á hlut og var fyrri greiðslan innt af hendi þann 26. mars sl. en sú síðari verði innt af hendi þann 17. september 2025. Arðgreiðslurnar nema í heild 18.892 milljónum króna.

Áhættuþættir

Gæði útlánasafns bankans eru áfram mikil, lausafjárstaðan sterk og markaðsáhætta vel innan marka áhættuvilja. Hægt hefur á útlánavexti á fyrstu þremur mánuðum ársins 2025 og þrátt fyrir að verðbólga og stýrivextir hafi lækkað hefur óvissa á alþjóðamörkuðum slævandi áhrif á efnahagslífið. Stjórnmálaleg óvissa og áframhaldandi jarðhræringar á Reykjanesi eru áfram áskoranir sem og aukið umfang áhættu hvað varðar netöryggi og almennt í upplýsingatækni. Þrátt fyrir framangreint eru áhættumælingar og mat bankans á mikilvægustu áhættuþáttum almennt jákvætt og horfur stöðugar. Vanskil í útlánasafni bankans eru áfram lítil og eiginfjárhlutfall bankans er sterkt, yfir settri eiginfjárkröfu.

Hækkun áhættugrunns á fyrsta ársfjórðungi 2025 má að mestu rekja til kaupa bankans á TM sem leiðir til lækkunar á eiginfjárhlutföllum, sem eru þó öll yfir kröfum fjármálaeftirlits. Bankinn vinnur nú að innleiðingu reglugerðar ESB nr. 2024/1623 (CRR III) sem felur í sér breytingar á útreikningi áhættugrunns, sérstaklega vegna útlánaáhættu. Áætlað er að innleiðingin leiði til nokkurrar lækkunar á áhættugrunni bankans.

Nánari upplýsingar um áhættu- og eiginfjárstýringu samstæðunnar koma fram í skýringum við ársreikning samstæðunnar og Pillar III áhættuskýrslu bankans fyrir árið 2024, ásamt Pillar III viðauka fyrir fyrsta ársfjórðung 2025, sem eru aðgengileg á vef bankans, www.landsbankinn.is.

Efnahagsþróun

Hagvöxtur mældist 0,5% á árinu 2024, samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofunnar. Vöxturinn var mun minni en árin þrjú á undan þegar hagvöxtur var á bilinu 5-9%, en reyndist engu að síður örlítið umfram væntingar. Fjárfesting var helsti drifkraftur hagvaxtarins og jókst alls um 7,5% á milli ára, einkum vegna aukinnar fjárfestingar í atvinnuvegum og íbúðarhúsnæði. Einkaneysla jókst einnig lítillega. Það sem helst hélt aftur af hagvexti í fyrra voru neikvæð heildaráhrif utanríkisviðskipta. Útflutningur dróst saman um 1,2%, ekki síst vegna þess að eldsumbrot á Reykjanesskaga drógu úr umsvifum í ferðaþjónustu. Greiningardeild bankans spáir því að hagvöxtur verði 1,4% á þessu ári og 2,1% á því næsta.

Verðbólga hjaðnað nokkurn veginn í takt við væntingar á fyrsta ársfjórðungi. Hún mældist 4,6% í janúar, 4,2% í febrúar og 3,8% í mars. Hún jókst svo í apríl, lítillega umfram væntingar, og mældist 4,2%. Greiningardeild spáir því að verðbólga breytist lítið á næstu mánuðum og verði 4,0% í lok árs. Þrátt fyrir hátt vaxtastig hefur kortavelta landsmanna aukist að raunvirði síðustu mánuði. Innlán heimila hafa einnig aukist og ekki eru merki um að heimilin hafi nýtt yfirdrátt í auknum mæli. Greiningardeild telur að Seðlabankinn fari hægt í sakirnar og viðhaldi nokkuð háum raunstýrivöxtum næstu mánuði.

Skráð atvinnuleysi var 4,2% í mars 2025 og samkvæmt könnunum Seðlabankans meðal stjórnenda fyrirtækja virðist eftirspurn eftir vinnuafli hafa gefið eftir. Langstærsti hluti vinnumarkaðarins hefur samþykkt kjarasamninga til næstu þriggja ára, sem líklegt er að stuðli að auknum stöðugleika á markaðnum.

Sviptingar í alþjóðaviðskiptum hafa sett svip sinn á alþjóðlegar efnahagshorfur og munu gera næstu misseri. Ísland er lítið opið hagkerfi sem reiðir sig verulega á viðskipti við útlönd og má því búast við að áhrifa slíkrar óvissu gæti hér. Jafnvel þótt íslenskt hagkerfi yrði ekki fyrir verulegum beinum áhrifum af tollum í Bandaríkjunum gæti það orðið fyrir ýmiss konar óbeinum áhrifum, einkum ef verndarstefna smitar út frá sér á alþjóðavísu.

Stjórnarhættir

Bankaráð Landsbankans var endurkjörið í heild sinni á aðalfundi bankans í mars sl. Jón Þ. Sigurgeirsson var endurkjörinn formaður bankaráðs og Eva Halldórsdóttir varaformaður. Aðrir endurkjörnir aðalmenn eru Kristján Þ. Davíðsson, Rebekka Jóelsdóttir, Steinunn Þorsteinsdóttir, Þór Hauksson og Örn Guðmundsson. Endurkjörnir varamenn eru Sigurður Jón Björnsson og Stefanía Halldórsdóttir.

Önnur mál

Samkeppniseftirlitið samþykkti kaup Landsbankans á öllu hlutafé í TM tryggingum hf. með gerð sáttar á milli bankans og eftirlitsins þann 21. febrúar 2025. Uppgjör og afhending vegna kaupa Landsbankans á TM af Kviku banka fór fram þann 28. febrúar 2025 en heildarkaupverð eftir kaupverðsaðlögun til 31. desember 2024 var um 32,3 milljarðar króna. Samkvæmt drögum að kaupverðsaðlögun fyrir tímabilið 31. desember 2024 til 28. febrúar 2025 verður endanlegt heildarkaupverð 32,2 milljarðar króna. Útibú TM og Landsbankans á Akureyri, Reykjanesbæ og í Vestmannaeyjum hafa þegar verið sameinuð og kerfisleg sameining er langt komin. Áformað er að flytja höfuðstöðvar TM úr Höfðatorgi í Hafnartorg í miðbæ Reykjavíkur í júní. Markmið bankans með kaupunum er að auka virði fyrir hluthafa bankans og að bjóða viðskiptavinum fjölbreyttari þjónustu.

Í mars 2025 sýknaði héraðsdómur bankann í máli þar sem þess var krafist að vaxtaákvæði í veðskuldabréfi sem gefið var út árið 2019 yrði dæmt ólögmætt og ógilt, þar sem ákvæðin greini ekki frá skilyrðum og málsmeðferð við breytingu á vöxtum eins og ákvæði laga geri kröfu um. Verði dómunum áfrýjað telur bankinn að Landsréttur eða Hæstiréttur muni staðfesta niðurstöðu héraðsdóms. Sjá nánar í skýringu 33.

Í kjölfar þess að stjórnvöld hafa dregið sig úr umræðum um að kaupa húsnæði bankans við Austurstræti 11 og tengdar byggingar, hefur bankaráð ákveðið að setja húsnæðið í opið söluferli, í samræmi við stefnu bankans um sölu eigna og reglur um sölu fasteigna. Áður hefur Landsbankinn selt húsnæði á Akureyri, Selfossi og Ísafirði og flutt starfsemi sína á færri fermetra. Öll starfsemi bankans sem var áður í Austurstræti 11 hefur verið flutt yfir í Reykjastræti 6.

Söluferli á eignarhlut Landsbankans í Greiðslumiðlun Íslands ehf. (GMÍ) er enn yfirstandandi, en bankinn bauð ásamt öðrum hluthöfum GMÍ, sem meðal annars á dótturfélagið Motus, hluti sína í félaginu til sölu í opnu söluferli á árinu 2024. Eignarhlutur bankans í GMÍ er 47,9%.

Þá var opnu söluferli á 35% eignarhlut Hamla fyrirtækja ehf. sem er dótturfélags Landsbankans, í hótelkeðjunni Keahótelum ehf. lokið í febrúar án þess að samningar hafi náðst um sölu. Þrátt fyrir að opnu söluferli sé nú lokið er hlutur bankans áfram til sölu.

Áritun og yfirlýsing bankaráðs og bankastjóra

Samandreginn árshlutareikningur samstæðu Landsbankans hf. fyrir fyrstu þrjá mánuði ársins 2025 er gerður á grundvelli áframhaldandi rekstrarhæfis í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og í samræmi við ákvæði íslenskra laga og reglna þar að lútandi.

Það er álit okkar að samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu samstæðunnar þann 31. mars 2025 og afkomu og sjóðstreymi á fyrstu þremur mánuðum ársins 2025. Enn fremur að árshlutareikningurinn ásamt skýrslu bankaráðs og bankastjóra lýsi megináhættum og óvissuþáttum sem að samstæðunni steðja.

Bankaráð og bankastjóri staðfesta með rafrænni áritun sinni samandreginn árshlutareikning samstæðu Landsbankans hf. fyrir fyrstu þrjá mánuði ársins 2025.

Reykjavík, 30. apríl 2025

Bankaráð

Jón Þorvarður Sigurgeirsson, formaður
Eva Halldórsdóttir, varaformaður
Kristján Þórarinn Davíðsson
Rebekka Jóelsdóttir
Steinunn Þorsteinsdóttir
Þór Hauksson
Örn Guðmundsson

Bankastjóri

Lilja Björk Einarsdóttir

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til bankaráðs og hluthafa Landsbankans hf.

Inngangur

Við höfum kannað meðfylgjandi samandreginn samstæðuárshlutareikning Landsbankans hf. (hér eftir árshlutareikning) fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2025. Samandregni árshlutareikningurinn hefur að geyma skýrslu bankaráðs og bankastjóra, rekstrarreikning, heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisyfirlit og skýringar. Bankaráð og bankastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu samandregna árshlutareikningsins í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu og viðeigandi ákvæði laga um ársreikninga. Ábyrgð okkar felst í þeirri ályktun sem af könnun okkar leiðir.

Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit um endurskoðun.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að meðfylgjandi samandreginn árshlutareikningur sé í öllum meginatriðum gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

Önnur atriði

Þann 28. febrúar 2025 keypti Landsbankinn hf. alla eignarhluti í TM tryggingum hf. og frá þeim degi er TM trygging hf. flokkað sem dótturfélag Landsbankans og innifalið í samstæðureikningskilum. Opnunarstöður TM trygginga hf. þann 28. febrúar 2025 hafa hvorki verið endurskoðaðar né kannaðar af okkur. Nánar er vísað í umfjöllun um kaupin í skýringu nr. 3.

Reykjavík, 30. apríl 2025

PricewaterhouseCoopers ehf.

Arna G. Tryggvadóttir
löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur samstæðunnar 1. janúar til 31. mars 2025

Skýringar		2025 1.1-31.3	2024 1.1-31.3
	Vaxtatekjur	41.948	41.089
	Vaxtagjöld	(27.148)	(26.706)
6	**Hreinar vaxtatekjur**	**14.800**	**14.383**
	Þjónustutekjur	4.518	4.031
	Þjónustugjöld	(1.514)	(1.295)
7	**Hreinar þjónustutekjur**	**3.004**	**2.736**
	Tekjur af vátryggingasamningum	1.779	0
	Kostnaður af vátryggingasamningum	(1.509)	0
8	**Afkoma af vátryggingasamningum**	**270**	**0**
9	Hreinn hagnaður af fjáreignum og fjárskuldum á gangvirði	1.214	2.952
	Hreinn gengismunur gjaldmiðla	(71)	235
10	Hrein virðisbreyting	(331)	(2.714)
11	Aðrar tekjur og (gjöld)	274	(31)
	Aðrar rekstrartekjur (gjöld)	**1.086**	**442**
	Rekstrartekjur samtals	**19.160**	**17.561**
12	Laun og launatengd gjöld	(4.465)	(4.233)
	Annar rekstrarkostnaður	(3.068)	(2.586)
	Skattur á heildarskuldir fjármálafyrirtækja	(671)	(600)
	Rekstrargjöld samtals	**(8.204)**	**(7.419)**
	Hagnaður fyrir skatta	**10.956**	**10.142**
14	Tekjuskattur	(3.016)	(2.986)
	Hagnaður tímabilsins	**7.940**	**7.156**
	Hagnaður tímabilsins tilheyrir:		
	Hluthöfum bankans	7.940	7.156
	Hlutdeild minnihluta	0	0
	Hagnaður tímabilsins	**7.940**	**7.156**
	Hagnaður á hlut		
32	Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut (krónur)	**0,34**	**0,30**

Heildarafkoma samstæðunnar 1. janúar til 31. mars 2025

Skýringar		2025 1.1-31.3	2024 1.1-31.3
	Hagnaður tímabilsins	7.940	7.156
	Önnur heildarafkoma tímabilsins eftir skatta	0	0
	Heildarafkoma tímabilsins	**7.940**	**7.156**

Meðfylgjandi skýringar eru órjúfanlegur hluti af árshlutareikningi samstæðunnar.

Efnahagsreikningur samstæðunnar 31. mars 2025

Skýringar		31.3.2025	31.12.2024
	Eignir		
19, 52	Sjóður og innstæður í Seðlabanka	98.284	129.981
20	Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum	178.732	139.104
21	Hlutabréf og hlutabréfagerningar	37.964	32.644
22	Afleiðusamningar	6.616	8.260
23, 52	Útlán og kröfur á lánastofnanir	71.952	39.346
24, 52	Útlán og kröfur á viðskiptavini	1.813.168	1.807.437
	Fjárfesting í hlutdeildarfélögum	1.166	1.143
	Rekstrarfjármunir	14.777	14.611
25	Óefnislegar eignir	15.574	1.336
26	Aðrar eignir	16.835	5.725
	Eignir í sölumeðferð	2.024	2.172
	Eignir samtals	**2.257.092**	**2.181.759**
	Skuldir		
	Skuldir við lánastofnanir og Seðlabanka	19.069	11.989
	Innlán frá viðskiptavinum	1.244.229	1.228.444
22	Afleiðusamningar og skortstöður	6.507	6.835
27, 52	Lántaka	543.628	529.150
28	Skattskuldir	16.144	15.597
29	Aðrar skuldir	61.385	25.106
30	Víkjandi lántaka	52.432	39.989
	Skuldir samtals	**1.943.394**	**1.857.110**
31	**Eigið fé**		
	Hlutafé	23.615	23.615
	Yfirverðsreikningur hlutafjár	120.516	120.516
	Varasjóðir	14.165	13.213
	Óráðstafað eigið fé	155.402	167.305
	Eigið fé sem tilheyrir hluthöfum bankans	**313.698**	**324.649**
	Hlutdeild minnihluta	0	0
	Eigið fé samtals	**313.698**	**324.649**
	Skuldir og eigið fé samtals	**2.257.092**	**2.181.759**

Meðfylgjandi skýringar eru órjúfanlegur hluti af árshlutareikningi samstæðunnar.

Eiginfjáryfirlit samstæðunnar 1. janúar til 31. mars 2025

Skýringar

		Hluthafar bankans								
				Varasjóðir*						
	Breytingar á eigin fé á reikningstímabilinu 1. janúar til 31. mars 2025	**Hlutafé**	**Yfirverðs reikningur hlutafjár**	**Lögbundinn**	**Hlutdeild í hagnaði dóttur- og hlutdeildarfélaga umfram greiddan arð**	**Gangvirðisbreytingar fjáreigna sem tilgreindar eru á gangvirði í gegnum rekstrarreikning**	**Óráðstafað eigið fé**	**Samtals**	**Hlutdeild minnihluta**	**Samtals**
	Eigið fé 1. janúar 2025	23.615	120.516	6.000	4.087	3.126	167.305	324.649		324.649
	Hagnaður tímabilsins						7.940	7.940		7.940
	Flutt á (af) bundnu óráðstöfuðu eigið fé				191	761	(952)	0		0
	Úthlutaður arður						(18.892)	(18.892)		(18.892)
31	**Eigið fé 31. mars 2025**	**23.615**	**120.516**	**6.000**	**4.278**	**3.887**	**155.402**	**313.698**	**0**	**313.698**
	Breytingar á eigin fé á reikningstímabilinu 1. janúar til 31. mars 2024									
	Eigið fé 1. janúar 2024	23.621	120.593	6.000	3.577	1.855	148.108	303.754		303.754
	Hagnaður tímabilsins						7.156	7.156		7.156
	Flutt á (af) bundnu óráðstöfuðu eigið fé				148	97	(245)	0		0
	Kaup á eigin hlutum	(6)	(77)					(83)		(83)
31	**Eigið fé 31. mars 2024**	**23.615**	**120.516**	**6.000**	**3.725**	**1.952**	**155.020**	**310.828**	**0**	**310.828**

*Í samræmi við lög um hlutafélög nr. 2/1995 og lög um ársreikninga nr. 3/2006

Meðfylgjandi skýringar eru órjúfanlegur hluti af árshlutareikningi samstæðunnar.

Sjóðstreymisyfirlit samstæðunnar 1. janúar til 31. mars 2025

	Skýringar	2025 1.1-31.3	2024 1.1-31.3
	Rekstrarhreyfingar		
	Hagnaður tímabilsins	7.940	7.156
	Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi	(13.009)	(10.971)
	Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	(57.601)	(21.274)
	Innheimtar vaxtatekjur	36.865	35.275
	Greidd vaxtagjöld	(11.700)	(8.335)
	Fenginn arður	253	46
	Greiddur tekjuskattur og sérstakur fjársýsluskattur fjármálafyrirtækja	(3.700)	(3.202)
	Handbært fé til rekstrar	**(40.952)**	**(1.305)**
	Fjárfestingahreyfingar		
	Fjárfesting í dótturfélagi	(32.285)	-
	Keyptir rekstrarfjármunir	(262)	(261)
	Seldir rekstrarfjármunir	6	-
	Keyptar óefnislegar eignir	(6)	(6)
	Fjárfestingahreyfingar	**(32.547)**	**(267)**
	Fjármögnunarhreyfingar		
	Lántaka	54.074	47.690
	Endurgreiðsla á lántöku	(35.250)	(27.554)
	Greidd húsaleiga	(116)	(110)
	Víkjandi lán	13.862	15.000
31	Kaup á eigin hlutum	-	(83)
31	Greiddur arður	(9.446)	-
	Fjármögnunarhreyfingar	**23.124**	**34.943**
	Handbært fé í upphafi tímabilsins	93.974	67.475
	Viðbætur vegna kaupa á TM	391	-
	Breyting á handbæru fé	(50.766)	33.371
	Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	0	(3)
	Handbært fé í lok tímabilsins	**43.599**	**100.843**
	Fjárfestinga- og fjármögnunarhreyfingar sem hafa ekki áhrif á sjóðstreymi		
	Samþykktur arður til hluthafa	(9.446)	-
	Ógreiddur arður til hluthafa	9.446	-
	Endurflokkun rekstrarfjármuna	-	(436)
	Eignir í sölumeðferð	-	436
	Handbært fé sundurliðað		
19	Sjóður og innstæður í Seðlabanka	98.284	114.598
23	Innstæður hjá lánastofnunum	9.746	13.667
19	Almenn og sértæk bindiskylda við Seðlabanka	(45.642)	(27.422)
	Handbært fé í lok tímabilsins	**62.388**	**100.843**

Meðfylgjandi skýringar eru órjúfanlegur hluti af árshlutareikningi samstæðunnar.

Sjóðstreymisyfirlit samstæðunnar 1. janúar til 31. mars 2025

Skýringar		2025 1.1-31.3	2024 1.1-31.3
	Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi		
6	Hreinar vaxtatekjur	(1)	(14.383)
9	Hreinn hagnaður af fjáreignum og fjárskuldum metnum á gangvirði	(2.123)	(2.952)
	Hreinn gengismunur gjaldmiðla	40	(232)
	Hrein virðisbreyting	(14.799)	2.714
11	Hagnaður af sölu rekstrarfjármuna	176	(18)
11	Hreinar (tekjur) gjöld af fullnustueignum	558	(89)
	Afskriftir	124	341
11	Hlutdeild í (hagnaði) tapi hlutdeildarfélaga með hlutdeildaraðferð	-	62
	Skattur á heildarskuldir fjármálafyrirtækja	3.016	600
14	Tekjuskattur	0	2.986
		(13.009)	**(10.971)**
	Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum		
	Breytingar á bindiskyldu við Seðlabanka	-	(1.725)
	Breytingar á markaðsskuldabréfum og hlutabréfum	(1.554)	28.561
	Breytingar á útlánum og kröfum á lánastofnanir	(19)	(26.784)
	Breytingar á útlánum og kröfum á viðskiptavini	(31.205)	(32.366)
	Breytingar á öðrum eignum	(29.151)	146
	Breytingar á eignum í sölumeðferð	(7.735)	203
	Breytingar á skuldum við lánastofnanir og Seðlabanka	(1)	(24.666)
	Breytingar á innlánum frá viðskiptavinum	6.994	39.618
	Breyting á frestaðri skattskuld	5.069	(27)
	Breytingar á öðrum skuldum	1	(4.234)
		(57.601)	**(21.274)**

Meðfylgjandi skýringar eru órjúfanlegur hluti af árshlutareikningi samstæðunnar.

Skýringar við árshlutareikning samstæðunnar

Skýring		Blaðsíða
Almennt		
1	Upplýsingar um félagið og samstæðuna	12
2	Grundvöllur reikningsskilanna	12
3	Mikilvægt reikningshaldslegt mat og ákvarðanir	13
4	Hagspár	14
5	Starfsþættir	15-16
Skýringar við rekstrarreikning		
6	Hreinar vaxtatekjur	17
7	Hreinar þjónustutekjur	17
8	Afkoma af vátryggingasamningum	17-18
9	Hreinn hagnaður (tap) af fjáreignum og fjárskuldum á gangvirði	18
10	Hrein virðisbreyting	18
11	Aðrar tekjur og (gjöld)	18
12	Laun og launatengd gjöld	19
13	Annar rekstrarkostnaður	19
14	Tekjuskattur	19
Skýringar við efnahagsreikning		
15	Flokkun og gangvirði fjáreigna og fjárskulda	20-21
16	Gangvirði fjáreigna og fjárskulda	22
17	Ógreinanlegar forsendur í gangvirðismati	23
18	Vænt útlánatap	24
19	Sjóður og innstæður í Seðlabanka	25
20	Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum.	25
21	Hlutabréf og hlutabréfagerningar	25
22	Afleiðusamningar og skortstöður	26-27
23	Útlán og kröfur á lánastofnanir	28
24	Útlán og kröfur á viðskiptavini	28
25	Óefnislegar eignir	28
26	Aðrar eignir	29
27	Lántaka	29-30
28	Skatteign og skattskuld	30-31
29	Aðrar skuldir	31
30	Víkjandi lántaka	31
31	Eigið fé	32
Aðrar skýringar		
32	Hagnaður á hlut	33
33	Málaferli	33-34
34	Hlutdeild í dótturfélögum	34
35	Viðskipti við tengda aðila	34-35
36	Atburðir eftir reikningsskiladag	35
Eiginfjárstýring		
37	Eiginfjárkröfur	36
38	Eiginfjárgrunnur, áhættugrunnur og eiginfjárhlutföll	37
39	Lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar (e. MREL)	38
40	Gjaldþol, Solvency II	39
41	Vogunarhlutfall	39

Skýring		Blaðsíða
Áhættustýring		
	Útlánaáhætta	
42	Hámarksútlánaáhætta og skipting eftir atvinnugreinum	40-41
43	Tryggingar og veðhlutföll	42-43
44	Tegundir trygginga	44
45	Gæði útlána og krafna	45
46	Útlán og kröfur eftir stöðu vanskila	46
47	Útlán og kröfur eftir flokkun í áhættustig	47-48
48	Virðisrýrnun útlána og krafna	49-50
49	Stórar áhættuskuldbindingar	50-51
	Lausafjáráhætta	
50	Stýring lausafjáráhættu	51-53
51	Eftirstöðvagreining fjáreigna og fjárskulda	53-55
52	Veðsettar eignir	56
	Markaðsáhætta	
53	Stýring markaðsáhættu	57
54	Hlutabréfaáhætta	57
55	Vaxtaáhætta	57-58
56	Verðtryggingaráhætta (öll söfn)	59
	Gjaldeyrisáhætta	
57	Gjaldeyrisáhætta (öll söfn)	60
58	Samþjöppun gjaldeyrisáhættu	60
59	Gengi erlendra gjaldmiðla	61
Mikilvægar reikningsskilaaðferðir		
60	Mikilvægar reikningsskilaaðferðir	62-63
Lykiltölur samstæðunnar		
61	Rekstur eftir ársfjórðungum	64
62	Lykiltölur og hlutföll	65

Skýringar við árshlutareikning samstæðunnar

Almennt

1. Upplýsingar um félagið og samstæðuna

Landsbankinn hf. (hér eftir „bankinn“ eða „Landsbankinn“) var stofnaður 7. október 2008. Bankinn er hlutafélag með takmarkaða ábyrgð, stofnað og skráð á Íslandi og með aðsetur þar. Bankinn starfar samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (Fjármálaeftirlitið) hefur eftirlit með bankanum á grundvelli laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Skráð aðsetur bankans er Reykjastræti 6, Reykjavík. Landsbankinn rekur víðtækt útibúanet á Íslandi. Í lok tímabilsins voru útibú og afgreiðslur bankans 34 talsins.

Árshlutareikningur samstæðu Landsbankans fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2025 tekur til bankans og dótturfélaga hans (saman nefnd „samstæðan" og hvert fyrir sig „samstæðufélag“). Meginstarfsemi samstæðunnar er á sviði fyrirtækja- og viðskiptabankastarfsemi, markaðsviðskipta, eignastýringar, skaða- og líftryggingastarfsemi og annarrar tengdrar fjármálaþjónustu. Samstæðan er eingöngu með starfsemi á Íslandi.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Árshlutareikningur samstæðunnar fyrir fyrstu þrjá mánuði ársins 2025 er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðalinn IAS 34 "Árshlutareikningsskil", eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu. Árshlutareikningurinn er jafnframt gerður í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006, lög um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 og reglur um reikningsskil lánastofnana nr. 834/2003.

Bankaráð og bankastjóri Landsbankans samþykktu árshlutareikning samstæðunnar og veittu heimild til útgáfu hans þann 30. apríl 2025.

Árshlutareikningur samstæðunnar inniheldur ekki jafn ítarlegar upplýsingar og ársreikningur og skal lesinn í samhengi við ársreikning samstæðunnar fyrir reikningsárið 2024 sem nálgast má á heimasíðu bankans, www.landsbankinn.is.

Þann 28. febrúar 2025 keypti Landsbankinn hf. allt hlutafé í TM tryggingum hf. (TM) og er félagið flokkað sem dótturfélag bankans frá kaupdegi. Nánar er fjallað um viðskiptin í skýringu 3. Við kaupin á TM tók samstæðan upp alþjóðlega reikningsskilastaðalinn IFRS 17, sem varðar vátryggingarsamninga og er þetta fyrsta uppgjör samstæðunnar sem unnið er samkvæmt þeim staðli. Staðallinn tilgreinir hvernig félag skráir, metur, setur fram og greinir frá vátryggingar- og endurtryggingarsamningum. Staðallinn hefur engin áhrif til afturvirkra breytinga fyrir samstæðuna.

Rekstrarliðir samstæðunnar í árshlutareikningi þessum sem varða rekstur TM endurspegla rekstur félagsins frá kaupdegi 28. febrúar til 31. mars 2025. Þetta á einnig við um þá rekstrarliði er varða rekstur TM sem falla undir skýringar samstæðunnar fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2025, þ.e. að tímabilið 28. febrúar til 31. mars 2025 gildir um þá rekstrarliði.

Nýjum mikilvægum reikningsskilaaðferðum vegna innleiðingar IFRS 17 staðalsins hjá samstæðunni er lýst í skýringu 60.

Rekstrarhæfi

Stjórnendur bankans hafa lagt mat á áframhaldandi rekstrarhæfi samstæðunnar og hafa eðlilegar væntingar um að samstæðan hafi fullnægjandi burði til áframhaldandi reksturs. Árshlutareikningur samstæðu bankans er því gerður miðað við áframhaldandi rekstrarhæfi.

Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Starfrækslugjaldmiðill bankans og félaga innan samstæðunnar er íslensk króna (ISK). Allar fjárhæðir eru birtar í íslenskum krónum, námundað að næstu milljón, nema annað komi fram.

Mat og ákvarðanir

Gerð reikningsskila samstæðunnar krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, leggi mat á og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda í árshlutareikningnum. Endanlegar niðurstöður kunna hins vegar að vera frábrugðnar þessu mati.

Reikningshaldslegt mat og undirliggjandi forsendur stjórnenda eru í stöðugri endurskoðun og eru áhrifin af breytingum á mati og forsendum færð á því tímabili sem breytingin á sér stað og á síðari tímabilum sem breytingarnar hafa áhrif á.

Skýringar við árshlutareikning samstæðunnar

3. Mikilvægt reikningshaldslegt mat og ákvarðanir við beitingu reikningsskilaaðferða

Við gerð árshlutareiknings samstæðunnar hefur reikningsskilaaðferðum verið beitt með samræmdum hætti fyrir sambærileg viðskipti og önnur atvik við líkar aðstæður. Reikningsskilaaðferðirnar eru þær sömu og beitt er í ársreikningi samstæðunnar fyrir árið 2024, að undanskildum viðbótum vegna innleiðingar reikningsskilastaðalsins IFRS 17 um vátryggingasamninga. Nánari upplýsingar um breytingar á reikningsskilaaðferðum er að finna í skýringu 60.

Samningur um kaup Landsbankans á TM tryggingum hf. (TM) af Kviku banka var undirritaður 30. maí 2024. Kaupverð var 28,6 milljarðar króna, auk kaupverðsaðlögunar sem nemi breytingu á efnislegu eigin fé TM frá ársbyrjun 2024 til afhendingardags. Uppgjör og afhending fór fram 28. febrúar 2025, en samkvæmt drögum að kaupverðsaðlögun er endanlegt heildarkaupverð 32,2 milljarðar króna. Samstæðan hefur fært 402 milljónir króna (2024: 157 milljónir króna) í kostnað tengt kaupum á TM, meðal annars vegna ráðgjafar- og lögfræðiþjónustu og áreiðanleikakannana. Kostnaðurinn er færður í rekstrarreikning meðal annars rekstrarkostnaðar fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2025. TM er flokkað sem dótturfélag Landsbankans frá afhendingardegi og tap af rekstri TM á tímabilinu 28. febrúar til 31. mars 2025 að fjárhæð 347 milljónir króna, er fært í samstæðureikninginn.

Kaupin hafa verið færð samkvæmt kaupaaðferð (e. acquisition method). Mat á sanngjörnu virði keyptra eigna og skulda er eftirfarandi:

Aðgreinanlegar keyptar eignir og skuldir	Gangvirði
Eignir	
Markaðsskuldabréf	28.063
Hlutabréf og hlutabréfagerningar	16.055
Afleiðusamningar	3
Útlán og kröfur á lánastofnanir	391
Útlán og kröfur á viðskiptavini	66
Óefnislegar eignir	5.220
Aðrar eignir	1.728
Samtals	**51.526**
Skuldir	
Skattskuldir	561
Aðrar skuldir	27.844
Samtals	**28.405**
Aðgreinanlegar keyptar hreinar eignir	**23.120**
Viðskiptavild	**9.096**
Kaupverð	**32.217**

Frá kaupdegi hefur TM skilað 1.779 milljónum í tekjur af vátryggingasmningum og 347 milljónum krónum í tap til afkomu samstæðunnar. Hefðu kaupin átt sér stað 1. janúar 2025, er áætlað að tekjur af vátryggingasamningum hefðu numið 5.187 milljónum króna og hefði hlutur taps félagsins í afkomu samstæðunnar þá numið 459 milljónum króna.

Úthlutun yfirverðs er ekki að fullu lokið í lok tímabilsins, en bankinn mun ljúka henni innan þess tólf mánaða tímaramma sem veittur er frá kaupunum.

Skýringar við árshlutareikning samstæðunnar

4. Hagspár

Hagfræðideild Landsbankans útbýr sviðsmyndir með spám um mikilvægar hagstærðir og kynnir þær fyrir matsteymi bankans. Auk grunnsviðsmyndar eru útbúnar tvær frávikasviðsmyndir, jákvæð og neikvæð, þar sem frávikin eru hugsuð út frá áhrifum á virðisrýrnun. Í jákvæðu sviðsmyndinni er hagstærðum hliðrað þannig að útlánatap bankans verði minna en í grunnsviðsmyndinni, í þeirri neikvæðu þannig að útlánatap bankans aukist.

Eftirfarandi tafla sýnir ákveðnar lykil hagstærðir líkansins sem notaðar eru við útreikning á framlagi vegna vænts útlánataps. Á reikningsskiladegi gerir grunnspá Hagfræðideildar Landsbankans ráð fyrir 1,5% vexti í vergri landsframleiðslu (VLF) á árinu 2025. Spárnar fyrir jákvæða sviðsmynd, grunnsviðsmynd og neikvæða sviðsmynd sýna meðaltalsgildi fyrir næstu 12 mánuði og út spátímann, sem er til meðallangs tíma. Jákvæðu sviðsmyndinni er gefið vægið 15% (31. desember 2024: 15%), grunnsviðsmyndinni er gefið vægið 70% (31. desember 2024: 70%) og neikvæðu sviðsmyndinni er gefið vægið 15% (31. desember 2024: 15%). Sviðsmyndirnar voru samþykktar af virðismatshópi bankans þann 26. mars 2025.

	Jákvæð sviðsmynd		Grunnsviðsmynd		Neikvæð sviðsmynd	
31. mars 2025	**Næstu 12 mánuði**	**Út spátímann**	**Næstu 12 mánuði**	**Út spátímann**	**Næstu 12 mánuði**	**Út spátímann**
Hagvöxtur	9,3%	1,6%	2,1%	(1,8%)	(5,1%)	(5,0%)
Atvinnuleysi	2,1%	1,0%	3,8%	3,6%	5,4%	6,8%
Stýrivextir	5,5%	1,6%	7,3%	5,9%	9,0%	10,1%
Verðbólga	1,3%	(0,8%)	3,8%	3,4%	6,3%	7,6%
Gengi Evru	128,8	104,3	144,0	141,7	159,3	179,2
Vísitala íbúðarverðs (breyting milli ára)	12,0%	18,7%	4,7%	6,0%	(2,6%)	(6,8%)
Skuldahlutfall heimilanna	37,7%	26,2%	46,6%	47,0%	55,5%	67,7%

	Jákvæð sviðsmynd		Grunnsviðsmynd		Neikvæð sviðsmynd	
31. desember 2024	**Næstu 12 mánuði**	**Út spátímann**	**Næstu 12 mánuði**	**Út spátímann**	**Næstu 12 mánuði**	**Út spátímann**
Hagvöxtur	7,2%	9,4%	2,3%	2,2%	(2,6%)	(5,0%)
Atvinnuleysi	1,8%	1,0%	3,5%	3,3%	5,1%	6,6%
Stýrivextir	5,6%	1,3%	7,3%	5,5%	9,1%	9,7%
Verðbólga	1,4%	(0,7%)	3,9%	3,4%	6,4%	7,6%
Gengi Evru	128,7	103,7	144,1	141,2	159,5	178,7
Vísitala íbúðarverðs (breyting milli ára)	14,2%	20,1%	6,9%	7,3%	(0,4%)	(5,5%)
Skuldahlutfall heimilanna	37,2%	24,7%	46,2%	45,6%	55,2%	66,6%

	31. mars 2025			31. desember 2024		
	Jákvæð sviðsmynd	**Grunn-sviðsmynd**	**Neikvæð sviðsmynd**	**Jákvæð sviðsmynd**	**Grunn-sviðsmynd**	**Neikvæð sviðsmynd**
Framlag vegna virðisrýrnunar (áhættustig 1 og áhættustig 2)	2.561	4.266	7.227	2.242	3.742	6.408
Hlutfall útlána í áhættustigi 2	3,4%	3,8%	4,8%	3,9%	4,3%	5,0%

	Fært í reikningsskilum skv. IFRS 9	
	31. mars 2025	**31. desember 2024**
Framlag vegna virðisrýrnunar (áhættustig 1 og áhættustig 2)	5.106	4.649

Skýringar við árshlutareikning samstæðunnar

5. Starfsþættir

Starfsþáttayfirlitið fyrir samstæðuna er birt í samræmi við innri upplýsingagjöf til bankastjóra og framkvæmdastjórn sem bera ábyrgð á ráðstöfun fjármuna til starfsþáttanna, sem og mati á rekstrarárangri þeirra.

Starfsemi bankans er skipt í sjö svið: Einstaklingar, Fyrirtæki, Eignastýring og miðlun, Fjármál, Áhættustýring, Upplýsingatækni og Samskipti og menning. Starfsþættir samstæðunnar samanstanda aftur á móti af fimm megin viðskiptasviðum og öðrum sviðum. Viðskiptasviðin voru eftirfarandi í lok reikningsskilatímabilsins:

- **Einstaklingssvið** býður einstaklingum ásamt minni og meðalstórum fyrirtækjum utan höfuðborgarsvæðisins, upp á alhliða fjármálaþjónustu og fjármálaráðgjöf. Áhersla er í auknum mæli lögð á stafrænar þjónustuleiðir og sjálfsafgreiðslulausnir, bæði í gegnum netbanka og app bankans, ásamt hefðbundinni þjónustu í gegnum útibúanet bankans og þjónustuver.
- **Fyrirtækjasvið** býður sveitarfélögum, stofnunum, stærri fyrirtækjum ásamt minni og meðalstórum fyrirtækjum á höfuðborgarsvæðinu upp á fjármálaþjónustu með aukna áherslu á stafrænar þjónustuleiðir og sjálfsafgreiðslulausnir, eins og netbanka fyrirtækja og app bankans.
- **Eignastýring og miðlun** býður upp á þjónustu er snýr að viðskiptum með verðbréf, gjaldeyri, afleiður, auk víðtækrar þjónustu á sviði eignastýringar. Landsbréf hf., dótturfélag bankans, fellur undir starfsþáttauppgjör Eignastýringar og miðlunar.
- **Fjárstýring og viðskiptavakt** eru einingar innan Fjármála sem hafa m.a. með höndum fjármögnun bankans, lausafjárstýringu, verðlagningu fjármagns innan bankans og viðskiptavakt með gjaldeyri, skuldabréf og hlutabréf. Fjárstýring stýrir einnig gengis-, vaxta- og verðtryggingaráhættu bankans, innan þeirra marka sem sett eru í áhættuvilja bankans.
- **TM** er tryggingafélag sem býður einstaklingum og fyrirtækjum upp á skaða- og líftryggingar.

Undir önnur svið falla Fjármál (að undanskildum Fjárstýringu og Viðskiptavakt), Áhættustýring, Upplýsingatækni og Samskipti og menning. Einnig falla þar undir Skrifstofa bankastjóra og Innri endurskoðun.

Jöfnunarfærslur samanstanda af jöfnun innbyrðis viðskipta og rekstrarliðum sem ekki er unnt að heimfæra á starfsþætti.

Stjórnunarkostnaði annarra sviða samstæðunnar er deilt niður á viðeigandi viðskiptasvið á grundvelli undirliggjandi kostnaðarvaka. Kostnaði er deilt út á viðskiptaeiningarnar á markaðsverði. Þjónusta og viðskipti sem önnur svið veita viðskiptaeiningunum eru gerð upp á einingarverði eða eins og um viðskipti milli óskyldra aðila væri að ræða, á grundvelli notkunar eða unninna verka. Tekjuskatti er dreift niður á starfsþætti miðað við gildandi skatthlutfall. Bankaskatti er skipt niður á viðskiptasvið í hlutfalli af skuldum.

Eftirfarandi tafla sýnir fjárhagslega frammistöðu hvers starfsþáttar, eins og þær upplýsingar sem birtar eru í innanhússkýrslum til stjórnenda um hagnað (tap) starfsþátta. Í þessum skýrslum eru allir liðir rekstrarreikningsins birtir nettó en ekki brúttó, þar með talið vaxtatekjur og vaxtagjöld. Verðlagning milli starfsþátta er eins og um væri að ræða viðskipti milli óskyldra aðila.

Tekjur af viðskiptum við hvern einstakan ytri viðskiptavin voru innan við 10% af heildartekjum samstæðunnar á tímabilinu frá 1. janúar 2025 til 31. mars 2025 og á samsvarandi tímabili árið 2024.

Skýringar við árshlutareikning samstæðunnar

5. Starfsþættir (framhald)

1. janúar - 31. mars 2025	Einstaklings-svið	Fyrirtækja-svið	Eignastýring og miðlun	Fjárstýring og viðskipta-vakt	TM tryggingar	Önnur svið	Jöfnunar-færslur	Samtals
Hreinar vaxtatekjur	5.247	6.862	79	2.374	34	142	62	**14.800**
Hreinar þjónustutekjur	788	574	1.554	47	-	90	(49)	**3.004**
Afkoma af vátryggingasamningum	-	-	-	-	270	-	-	**270**
Hrein virðisbreyting	(127)	(200)	-	(1)	(3)	-	-	**(331)**
Aðrar tekjur og (gjöld)	(1)	(382)	(198)	2.256	(534)	277	(1)	**1.417**
Rekstrartekjur (gjöld) samtals	**5.907**	**6.854**	**1.435**	**4.676**	**(233)**	**509**	**12**	**19.160**
Rekstrargjöld samtals	(1.852)	(928)	(651)	(226)	(65)	(3.860)	49	**(7.533)**
Skattur á heildarskuldir fjármálafyrirtækja	(275)	(147)	(4)	(243)	-	(2)	-	**(671)**
Hagnaður (tap) fyrir útskiptingu kostnaðar og skatta	**3.780**	**5.779**	**780**	**4.207**	**(298)**	**(3.353)**	**61**	**10.956**
Útskiptur kostnaður	(1.331)	(974)	(375)	(498)	-	3.178	-	**0**
Hagnaður (tap) fyrir skatta	**2.449**	**4.805**	**405**	**3.709**	**(298)**	**(175)**	**61**	**10.956**
Tekjuskattur	(692)	(1.250)	(299)	(765)	(49)	39	-	**(3.016)**
Hagnaður (tap) tímabilsins	**1.757**	**3.555**	**106**	**2.944**	**(347)**	**(136)**	**61**	**7.940**
Hreinar tekjur (gjöld) vegna ytri viðskipta	8.550	13.398	1.757	(4.676)	(233)	352	-	**19.148**
Hreinar tekjur (gjöld) vegna annarra starfsþátta	(2.643)	(6.544)	(322)	9.352	-	157	-	**0**
Rekstrartekjur (gjöld) samtals	**5.907**	**6.854**	**1.435**	**4.676**	**(233)**	**509**	**0**	**19.148**
31. mars 2025								
Eignir samtals	**936.232**	**865.303**	**15.472**	**787.613**	**57.633**	**21.743**	**(426.904)**	**2.257.092**
Skuldir samtals	**867.683**	**721.510**	**11.483**	**726.033**	**25.807**	**17.782**	**(426.904)**	**1.943.394**
Úthlutað eigið fé	**68.549**	**143.793**	**3.989**	**61.580**	**31.826**	**3.961**		**313.698**

1. janúar - 31. mars 2024	Einstaklings-svið	Fyrirtækja-svið	Eignastýring og miðlun	Fjárstýring og viðskipta-vakt	Önnur svið	Jöfnunar-færslur	Samtals
Hreinar vaxtatekjur	5.451	6.733	114	1.870	135	80	**14.383**
Hreinar þjónustutekjur	688	660	1.425	(132)	137	(42)	**2.736**
Hrein virðisbreyting	(2.472)	(240)	-	(2)	-	-	**(2.714)**
Aðrar tekjur og (gjöld)	(73)	(22)	(164)	3.384	32	(1)	**3.156**
Rekstrartekjur (gjöld) samtals	**3.594**	**7.131**	**1.375**	**5.120**	**304**	**37**	**17.561**
Rekstrargjöld samtals	(1.799)	(850)	(610)	(246)	(3.356)	42	**(6.819)**
Skattur á heildarskuldir fjármálafyrirtækja	(242)	(132)	(2)	(223)	(1)	-	**(600)**
Hagnaður (tap) fyrir útskiptingu kostnaðar og skatta	**1.553**	**6.149**	**763**	**4.651**	**(3.053)**	**79**	**10.142**
Útskiptur kostnaður	(1.182)	(787)	(306)	(275)	2.550	-	**0**
Hagnaður (tap) fyrir skatta	**371**	**5.362**	**457**	**4.376**	**(503)**	**79**	**10.142**
Tekjuskattur	(126)	(1.444)	(393)	(1.096)	73	-	**(2.986)**
Hagnaður (tap) tímabilsins	**245**	**3.918**	**64**	**3.280**	**(430)**	**79**	**7.156**
Hreinar tekjur (gjöld) vegna ytri viðskipta	5.900	13.596	1.580	(3.694)	142	-	**17.524**
Hreinar tekjur (gjöld) vegna annarra starfsþátta	(2.306)	(6.465)	(205)	8.814	162	-	**0**
Rekstrartekjur samtals	**3.594**	**7.131**	**1.375**	**5.120**	**304**	**0**	**17.524**
31. mars 2024							
Eignir samtals	**881.883**	**775.850**	**11.505**	**758.139**	**21.023**	**(415.964)**	**2.032.436**
Skuldir samtals	**819.808**	**655.689**	**7.756**	**637.127**	**17.192**	**(415.964)**	**1.721.608**
Úthlutað eigið fé	**62.075**	**120.161**	**3.749**	**121.012**	**3.831**		**310.828**

Skýringar við árshlutareikning samstæðunnar

Skýringar við rekstrarreikning

6. Hreinar vaxtatekjur

	1.1-31.3. 2025			1.1-31.3. 2024		
Vaxtatekjur	**Afskrifað kostnaðar-verð**	**Gangvirði í gegnum rekstrar-reikning**	**Samtals**	**Afskrifað kostnaðar-verð**	**Gangvirði í gegnum rekstrar-reikning**	**Samtals**
Sjóður og innstæður í Seðlabanka	1.428	-	1.428	1.682	-	1.682
Útlán og kröfur á lánastofnanir	533	-	533	708	-	708
Útlán og kröfur á viðskiptavini	38.891	988	39.879	38.126	447	38.573
Aðrar vaxtatekjur	77	31	108	93	33	126
Samtals	**40.929**	**1.019**	**41.948**	**40.609**	**480**	**41.089**
Vaxtagjöld						
Skuldir við lánastofnanir og Seðlabanka	(151)	-	(151)	(249)	-	(249)
Innlán frá viðskiptavinum	(19.043)	-	(19.043)	(18.441)	-	(18.441)
Lántaka	(4.837)	(1.953)	(6.790)	(5.190)	(1.573)	(6.763)
Önnur vaxtagjöld	(19)	(102)	(121)	(18)	(486)	(504)
Víkjandi lántaka	(1.043)	-	(1.043)	(749)	-	(749)
Samtals	**(25.093)**	**(2.055)**	**(27.148)**	**(24.647)**	**(2.059)**	**(26.706)**
Hreinar vaxtatekjur	**15.836**	**(1.036)**	**14.800**	**15.962**	**(1.579)**	**14.383**

Samtals námu hreinar vaxtatekjur, reiknaðar með aðferð virkra vaxta, 14.800 milljónum króna á fyrstu þremur mánuðum ársins 2025, samanborið við 14.383 milljónir króna á sama tímabili 2024.

7. Hreinar þjónustutekjur

	1.1-31.3. 2025			1.1-31.3. 2024		
	Þjónustu-tekjur	**Þjónustu-gjöld**	**Hreinar þjónustu-tekjur**	**Þjónustu-tekjur**	**Þjónustu-gjöld**	**Hreinar þjónustu-tekjur**
Markaðsviðskipti	1.734	(170)	1.564	1.697	(173)	1.524
Útlán og ábyrgðir	444	-	444	368	-	368
Greiðslukort	1.513	(760)	753	1.423	(816)	607
Innheimtu- og greiðsluþjónusta	241	(60)	181	248	(56)	192
Annað	586	(524)	62	295	(250)	45
Samtals	**4.518**	**(1.514)**	**3.004**	**4.031**	**(1.295)**	**2.736**

8. Afkoma af vátryggingasamningum

	2025
	28.2-31.3
Tekjur af vátryggingasamningum	1.779
Tjónakostnaður	(1.122)
Rekstrarkostnaður af vátryggingasamningum	(355)
Hrein afkoma af endurtryggingasamningum	(32)
Afkoma af vátryggingasamningum	**270**

Skýringar við árshlutareikning samstæðunnar

8. Afkoma af vátryggingasamningum (framhald)

Eftirfarandi tafla sýnir rekstrarafkomu TM trygginga hf. á tímabilinu 28. febrúar til 31. mars 2025 í samræmi við framsetningu í reikningsskilum félagsins.

Rekstrarreikningur TM trygginga hf.	2025 28.2-31.3
Tekjur af vátryggingasamningum	1.779
Kostnaður af vátryggingasamningum	(1.477)
Afkoma af endurtryggingum	(32)
Afkoma af vátryggingasamningum	**270**
Fjárfestingatekjur	(378)
Fjármagnsliðir vátryggingasamninga	(124)
Rekstarkostnaður fjárfestinga	(44)
Virðisbreytingar fjárfestinga	(3)
Afkoma af fjárfestingum	**(549)**
Aðrar tekjur og (gjöld)	(18)
Tap fyrir skatta	**(297)**
Tekjuskattur	(49)
Tap tímabilsins	**(346)**
Samsett hlutfall	**84,8%**

9. Hreinn hagnaður (tap) af fjáreignum og fjárskuldum á gangvirði

Hreinn hagnaður (tap) af fjáreignum og fjárskuldum á gangvirði	2025 1.1-31.3	2024 1.1-31.3
Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum	1.506	2.419
Hlutabréf og hlutabréfagerningar	207	612
Afleiður og undirliggjandi áhættuvarnir	250	39
Útlán og kröfur á viðskiptavini	(340)	(20)
Hrein fjármunagjöld vegna vátryggingasamninga	(124)	-
Hreint tap af gangvirðisvörn	(285)	(98)
Samtals	**1.214**	**2.952**

10. Hrein virðisbreyting

	2025 1.1-31.3	2024 1.1-31.3
Hrein virðisbreyting útlána til viðskiptavina	(389)	(2.714)
Hrein virðisbreyting annarra fjáreigna og skuldbindinga vegna dómsmála	58	-
Hrein virðisbreyting fjáreigna	**(331)**	**(2.714)**
Hrein virðisbreyting eftir tegund viðskiptavina		
Einstaklingar	(120)	(2.357)
Fyrirtæki	(211)	(357)
Hrein virðisbreyting fjáreigna	**(331)**	**(2.714)**

11. Aðrar tekjur og (gjöld)

	2025 1.1-31.3	2024 1.1-31.3
Hlutdeild í hagnaði (tapi) hlutdeildarfélaga	23	(62)
Hagnaður af sölu rekstrarfjármuna	226	18
Hreinar tekjur (gjöld) af fullnustueignum	(40)	89
Annað	65	(76)
Samtals	**274**	**(31)**

Skýringar við árshlutareikning samstæðunnar

12. Laun og launatengd gjöld

	2025 1.1-31.3	2024 1.1-31.3
